

Borgarráð

Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu - samningar

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita borgarstjóra umboð til þess að samþykkja og undirrita meðfylgjandi tvo samninga vegna undirbúningsverkefna Borgarlínu. Annars vegar samning milli sveitarfélaganna um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar milli Vegagerðarinnar og SSH um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning að lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 og 2020.

Greinargerð:

Kostnaður sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við verkefnið er áætlaður allt að 800 milljónir kr. á árunum 2019 og 2020 og er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg beri 56,5% af þeim kostnaði. Jafnhátt framlag kemur frá ríkinu. Kostnaðarskipting milli sveitarfélaga er í samræmi við íbúafjölda og kemur fjárveitingin af fjárfestingaráætlun. Gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg greiði hlutfallslega meira en önnur sveitarfélög á árinu 2019 eða rúmlega 136 mkr. Rúmast það innan fjárveitingu til Borgarlínu á fjárfestingaráætlun ársins þar sem áætlaðar eru 200 milljónir króna. Gera þarf ráð fyrir eftirstöðvunum skv. samningnum í fjárfestingaáætlun 2020 en það ár greiða önnur sveitarfélög innan SSH hlutfallslega meira. Árið er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg greiði allt að 316 mkr eða allt að 452 mkr í heild. Samningurinn um ráðstöfun fjármuna til verkefnisins árið 2020 er með fyrirvara um að samningar náist milli ríkisins og SSH um fjármögnun samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu til næstu fimmtán ára.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 7. maí 2019.

Minnisblað Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 6. maí 2019.

Samkomulag sveitarfélaganna um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, ódags.

Samningur við Vegagerðina um samstarf við tæknilegan undirbúning fyrstu borgarlínuframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu., ódags.

Fylgiskjöl - frumkostnaðaráætlun og verkefnisáætlun.

